

Aðalfundur Íslenska Pílukast Sambandsins 24. febrúar 2016.

Fundur settur 19.45

Mættir: Alex Daniel Dúason, Helgi Magnússon, Vitor Charrua, Ingibjörg Magnúsdóttir, Þorgeir Einarsson, Jónas, Þórólfur Sæmundsson, Dagbjartur Harðarson, Björgvin Sigurðsson, Ívar Jörundsson, Friðrik Diego, Petrea Kr Friðriksdóttir, Trausti Tryggvason, Jóhanna Bergsdóttir, Hinrik Þórðarson, Haraldur Ingólfsson og Ólafía Guðmundsdóttir.

1. Fundarstjóri: Petra Kr. Friðriksdóttir
Fundarritari: Þorgeir Einarsson
2. Ingibjörg Magnúsdóttir gefur skýrslu stjórnar sjá hér:
3. Friðrik Diego leggur fram skoðaða reikninga.
4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.
 - a. Haraldur Ingólfsson bendir á að ef og þegar ÍPS fær aðild að ÍSÍ muni væntanlega þurfa að breyta færslu bókhalds og uppsetningu reikninga miðað við staðla og kröfur ÍSÍ.
 - b. Reikningar samþykktir með öllum atkvæðum nema einu, einn situr hjá.
5. Ákvörðun árgjalds: Helst óbreytt eða 2.500 kr. sem félöginn sjá um að rukka sína félagsmenn um.
6. Ingibjörg leggur fram tillögur að lagabreytingum sjá hér.
 - a. Haraldur Ingólfsson leggur fram eftirfarandi tillögu:
 - að fresta ákvörðunum um lagabreytingar og halda framhaldsaðalfund við fyrsta tækifæri til að gefa þeim félagsmönnum sem það vilja færi á að kynna sér tillögur stjórnarinnar um lagabreytingar. – Þetta var samþykkt.
 - Jafnframt felur fundurinn stjórn ÍPS að setja inn í lagabreytingartillögur ákvæði um að tillögum um lagabreytingar skuli skila til stjórnar minnst tveimur vikum fyrir aðalfund og að minnst viku fyrir aðalfund skuli stjórnin kynna framkomnar tillögur fyrir félagsmönnum.
7. Engar aðrar tillögur höfðu borist stjórn fyrir fund.
8. Kosningu frestar vegna lagabreytinga, og verður tekinn upp á auka-aðalfundi.
9. Önnur mál:
 - a. Þórólfur Sæmundsson leggur til að pílukast verði kynnt betur fyrir fjölskyldum og að það yrði haldinn fjölskyldudagur. ÍPS vísar því til félaganna, en tekur fram að ef að þau óski eftir aðstoð er ÍPS vel til í það.
 - b. Helgi Magnússon leggur til að stigamót maí mánaðar verði aftur fært til 5. maí – það er samþykkt.
 - c. Björvin Sigurðsson leggur til að ekki sé hægt að vera félagsmaður ÍPS nema að vera skráður í pílufélag á Íslandi. (Í dag er hægt að eiga beina aðild að ÍPS með greiðslu til sambandsins.)
 - d. Haraldur Ingólfsson leggur til að skráningar á Íslandsmót skuli vera með 3ja daga fyrirvara, og óskar einnig eftir því að stjórn ÍPS taki til skoðunar róteringar á Íslandsmótum.

- e. Dagbjartur Harðarson leggur til að á stærri mótum sé yfirdómari.
- f. Ingibjörg Magnúsdóttir leggur til að kjósa þurfi á auka aðalfundi hvort segja þurfi tölu í Krikket eða ekki.

Fundi slitið 20.54